



Heilbrigðis- og trygginganefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/827
komudagur 21.2.2002

Reykjavík 20. febrúar 2002

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar, 359. mál

Frumvarpið felur í sér breytingar á ákvæðum fimm lagabálka;

- lögum um almannatryggingar
- lögum um félagslega aðstoð
- lögum um málefni aldraðra
- lögum um heilbrigðisþjónustu
- sóttvarnalögum.

Samkvæmt framsögu heilbrigðisráðherra er ekki gert ráð fyrir því að frumvarpið feli í sér aukna gjalddöku.

Í frumvarpinu er lagt til að ýmsar verklagsreglur verði festar í lög og/eða skýrðar og telur ASÍ þær vera til bóta.

Í frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar í samræmi við álit umboðsmanns Alþingis og athugasemdir ríkisendurskoðunar við vinnulag Tryggingastofnunar. Lagt er til að tekjuhugtak laga um almannatryggingar verði samræmt og notað verði tekjuhugtak skattalaga við útreikninga bóta. Einnig er lagt til að tekjugrundvöllur bótaútreiknings sé endurskoðaður með vélrænni samkeyrslu og lokauppgjör fari fram einu sinni á ári. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Tryggingastofnun fái heimild til að afla upplýsinga frá skattayfirvöldum, lífeyrissjóðum, Vinnumálastofnun og öðrum um tekjur lífeyrisþega.

Jafnframt er Tryggingastofnun ríkisins gert skylt að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum. Þá er kveðið á um að Tryggingastofnun skuli greiða vexti vegna vangreiddra bóta, en jafnframt að bótaþegi skuli ekki greiða dráttarvexti á ofgreidda bótafjárhæð, nema hún stafi af sviksamlegu atferli hans. Kveðið er á um hvernig taka megi til baka ofgreiddar bætur, en kvartað hefur verið undan þeirri framkvæmd. Einnig er lögð skylda á Tryggingastofnun ríkisins að upplýsa umsækjanda eða bótaþega um forsendur bótaútreiknings og gefa honum kost á að koma að athugasemdum.


ASÍ styður þessar breytingar og telur að með þeim ætti að takast að draga verulega úr of- eða vanáætlunum á bótum Tryggingastofnunar og skýra og auðvelda alla framkvæmd. Ekki kemur þó fram í greinargerð með frumvarpinu hvort breyting á skilgreiningu tekjuhugtaksins kunni að hafa í för með sér lækkun bóta fyrir einhverja einstaklinga. ASÍ telur að það þurfi að skoða, svo hægt sé að koma í veg fyrir að bótaþegar verði fyrir tekjumissi vegna breytinganna.

Eins og fram kemur í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis fylgir þessum breytingum verulegur kostnaður af endurbótum á tölvukerfi Tryggingastofnunar. Ekki er getið um hvernig fjármagna á þær breytingar. ASÍ telur að ekki sé nægilegt að breyta lögum, heldur verði einnig að koma til fjármagn ef viðunandi árangur á að nást.

Til bóta horfir að reglur um hvenær lífeyrir og tengdar bætur falla niður eru rýmkaðar úr 4 mánuðum í 6. ASÍ telur þó nauðsynlegt að inn í lögin verði sett undanþáguákvæði frá þessari reglu, þar sem upp geta komið alvarleg veikindi sem hafa í för með sér lengri sjúkrahúsvist en 6 mánuði.

ASÍ áskilur sér allan rétt til þess að koma síðar á framfæri athugasemdum við frumvarpið, gefist tilefni til þess.

Virðingarfyllt,
f.h. Alþýðusambands Íslands,



Rannveig Sigurðardóttir,
hagfræðingur ASÍ.